

Bráðabirgðaákvæði.

51

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum frá tryggingaráði, að ákveða jafna hundraðshlutaþækkun á iðgjöld og framlög til tryggingasjóðs, ef kaupgjald í landinu verður greitt með hærri verðlagsvísitölu en 115 á árinu 1951 og sýnilegt er, að Tryggingastofnunin þurfi á því fé að halda til þess að greiða bætur með fullu vísitöluálagi án þess að skerða tryggingasjóðinn óeðlilega. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta, sem honum ber að greiða vegna slíkrar þækkunar.

20. marz

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

AUGLÝSING

52

um viðskiptasamning milli Íslands og Spánar.

6. marz

Með erindum, dags. 13. desember 1950 og 11. janúar 1951, milli sendiherra Íslands á Spáni og utanríkisráðuneytis Spánar, var gert samkomulag milli ríkisstjórnar Íslands og ríkisstjórnar Spánar um að framlengja viðskiptasamning þann milli Íslands og Spánar, er undirritaður var í Madrid 17. desember 1949, til ársloka 1951.

Sú breyting er gerð á samningnum, að hvor samningsaðili um sig skal veita hinum aðilanum, ef þörf gerist, yfirdráttarlán að upphæð allt að 500 000 sterlingspund.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 6. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

53

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Frakklands.

6. marz

Hinn 24. janúar 1951 skiptust sendiráð Íslands í París og utanríkisráðuneyti Frakklands á erindum um viðskipti og greiðslur milli Íslands og Frakklands. Samningur sá, er í erindunum felst, gildir til 30. nóvember 1951.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir sölu til Frakklands á 3000 smálestum af nýjum og frystum fiski, 600 smálestum af nýrri, frystri eða saltaði síld og 8000 tunnum af hrognum; enn fremur á niðursoðnum fiski, lýsi o. fl. fyrir 20 millj. franka.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 6. marz 1951.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.